



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



2020 – 2021



Dæmi um myndræna námssögu.

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: Frumkvæði, vinátta og gleði.....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
Lækur.....	
Miðhús.....	12
Tjörn	15
Melhús.....	18
2 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	19
3 Foreldrasamvinna –.....	20
4 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	20
5 Fylgigögn.....	21
5.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	21



Leiðarljós leikskólans: Frumkvæði, vinátta og gleði.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Haustið byrjaði af krafti. Við vorum svo heppin að hljóta framhaldsstyrk frá Skóla og frístundasviði ásamt nokkrum öðrum leikskólum og RannUng. Tilgangur verkefnisins er að vinna að innleiðingu nýrrar menntastefnu. Verkefnið heitir *Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag*. Markmið verkefnisins er að efla fagmennsku deildarstjóra og annars starfsfólks í leikskólanum í þeim tilgangi að ná fram markmiðum sem sett hafa veri í nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar um læsi, sjálfsefningu, skapandi hugsun, félagsfærni, og heilbrigði barna. Einnig að styrkja skólann sem lærdómssamfélag þar sem litið er á börn sem virkan þátttakendur í lýðræðissamfélagi.

Skólinn átti að fara í gegnum Ytra mat sem Skóla og frístundasvið framkvæmir en ekkert varð úr því í ljósi kringumstæðna í Covid-19. Starfsmannakönnun var framkvæmd af Skóla og frístundasviði og útkoman var einstaklega glæsileg hjá okkur, við fengum í flestum tilfellum 4.6 til 4.8 hæsta einkunn er 5. Við getum þó bætt okkur hvað varðar sveigjanleika samkvæmt könnunni. Þegar hópurinn fór samann yfir tölurnar þá vorum við á því máli að hægt væri að misskilja spurningu sem tengdist sveigjanleika í starfi. Í ljósi þess hvernig starfinu er háttað, þ.e. að viðvera er mjög mikilvæg með öryggi barna í huga. Við viljum gjarnan vera sveigjanleg í nútímalegu samhengi.

Við settum okkur háleit markmið í síðustu starfsáætlun og tel ég að við höfum náð að styrkja vel þá þætti sem við töldum að uppá vanta til þess að uppfylla alla þá þætti er ríma við nýja menntastefnu með sérstakri áherslu á sjálfsefningu. Við ítrekuðum skráningar á námi barna, þar sem börnin taka þátt í að meta sitt eigið nám. Við settum inn í skipulagið lýðræðisþing þar sem börnin velja stöðvar eða verkefni hverju sinni. Við vildum skerpa á viðhorfi starfsmanna – þ.e. að allir líti á barnið sem getumikinn einstakling. Til þess að skapa lærdómssamfélag í leikskóla þarf að skoða, ræða og ígrunda samband barna við umhverfi sitt í námi sínu og þekkingarleit. Verkefni starfsmanna hópsins er að fylgjast með og taka þátt í námi barnanna í samþættu starfi. Það er hornsteinn lifandi lærdómssamfélags í leikskólum.

Tækifæri til umbóta er að fylgja vel eftir skráningu þar sem börnin taka virkan þátt og efla enn frekar lýðræðisþingin sem eru í hverri samverustund vegna þess að börn eflast ef þau fá að vera virkir þátttakendur í sínu námi í gegnum leikinn og ekki síst vegna þess að sjálfsefning er okkar helsti áhersluþáttur í innleiðingu menntastefnunnar.

Það kvað við annan tón eftir áramót. Hálfgerð skálmöld skall á með vályndum veðrum, verkföllum og veiru sem skekur allan heiminn. Það hægði mikið á öllu í samfélaginu okkar. Við náðum þó að halda

opnu allan þann tíma sem ástandið varði. Allt starfsfólk, börn og foreldra eiga mikið hrós skilið fyrir æðruleysi og samstöðu í okkar litla samfélagi. Starfsfólkið náði að halda vel utan um allt starf þannig að börnin voru róleg og í góðu tómi þann tíma sem þau dvöldu hjá okkur. Flest börnin náðu að mæta annan hvern dag. Einhverjir foreldra kusu að halda börnunum sínum heima vegna veirunnar. Ég er stolt af mínu samfélagi og upplifi mig sterkari og reynslunni ríkari á eftir.

Lækur - Innra mat - Aldur barna 2 til 4 ára

Veturinn 2019-2020

Á liðnum vetri, þó óvenjulegur hafi verið, höfum við eftir fremsta megni náð að halda dampi í daglegu starfi með börnunum. **Við höfðum sjálfseflingu og skráningu að leiðarljósi** samkvæmt síðustu starfsáætlun og bættum heilmikið í fyrrnefndu markmiði.

Við höldum áfram með *umsjónarmenn dagsins* og gerðum skilmerkilegra skipurit sem sýndi nöfn barnanna rúlla á vikuplani og þannig gátu foreldrar einnig fylgst með svo hægt væri að ræða heima hvenær kæmi að barninu þeirra.

Kristín hópstjóri ljósmyndaði ofan í alla leikfangakassa og merkti með mynd og texta sem auðveldar börnunum að ganga frá og sækja það sem þau hafa áhuga á í leikstundum.



Tveir eldri barna hóparnir fóru alla þriðjudaga í vettvangsferð með það að markmiði að ganga heim til eins barns í hópnum og skoða nærumhverfi þeirra, hvar er næsti leikvöllur, búðin, garðurinn þinn og svo framvegis. Myndavél var ætíð með í för og tókum við myndir á ferðalaginu og á áfangastað sem við gátum svo skoðað og rætt um í hópastarfi og samveru, umhverfislæsi er sem áður í hávegum haft í Tjörn. Lubbi (Lubbi finnur málbein) hefur fest sig í sessi á Læk og er nýtt málhljóð kynnt á tveggja vikna fresti, Lubbalag vikunnar er alltaf í samverusöng og Lubbastund á miðvikudögum þar sem farið er yfir öll málhljóðin sem komin eru.

Um haustið fækkuðum við borðunum í borðstofunni okkar úr fjórum í þrjú og fengum þar með aukið gólfpláss þar sem við útbjuggum notalegt lestarhorn með mottu, púðum og bókahillum, þar sem þau gátu farið og átt notalega stund, skoðað bækur eða legið í makindum sínum.



Lestrarhorn

Um haustið brydduðum við upp á nýrri leið til að virkja hóp foreldra í samstarf með okkur, þ.e. foreldra tvítyngdra barna. Á leikskólanum lásum við bækur á íslensku sem börnin þekktu orðið vel, foreldri tvítyngds barns kom svo og las bókina á sínu tungumáli í myrkvuðum sal þar sem bókinni var varpað á sýningartjald eins og í kvikmyndahúsi, eða svokallað „bókabíó“. Þessi nýjung vakti mikla lukku og aðrir foreldrar buðust til að koma og sýna/lesa í næsta bókabíói.



Rauði þráðurinn í starfi okkar í vetur var sjálfsefning í samstafi við RannUng, starfsfólk nýtti stofufundi vel til þess að ræða hver þyrfti örvun og einblíndum við á 'Gefðu 10' og einstaklinga. Lýðræði var einnig kynnt í samverustundum, þau fengu til dæmis að ganga til kosninga um hvað væri í matinn, báðar deildir kusu sama dag og atkvæði síðan talin.



Börnin fengu einnig að ákveða hvert væri farið í vettvangsferðir, þau sem vildu fara á A stilltu sér upp við gluggann og þau sem vildu fara til B stilltu sér upp við vegginn, þannig gátu þau séð hvernig lýðræði og kosning kemur þeim fyrir sjónir og virkar.

Í verkfallinu og veirufaraldrinum fækkuðum við aftur borðum með það að leiðarljósi að börnin fengju meira leikrými, þegar deildin opnaði dyrnar fyrir öllum börnunum aftur ákváðum við að halda einungis tveimur stórum borðum og setja inn lágt barnaborð og stóla þar sem börnin í elsta hópnum myndu skiptast á að setjast við með dagskipulagi sem þau fylgjast sjálf með og finna út hver situr við borðið þann daginn, það hefur gengið vonum framar.



Í samverustofunni okkar settum við upp vikudagana og mánuðina og í upphafi hverrar morgunsamveru færðu börnin Mola sem bendir á vikudaginn og við ræddum um hver ætti afmæli í hvaða mánuði o.s.frv.



Tækifæri til umbóta eru skráningarnar okkar, (uppeldisleg skráning) það gefur auga leið að nýjungar í starfi þarf að kynna vel fyrir starfsfólki og undirbúa svo að þær gangi vel. Fyrirhugað er að virkja starfsfólk deildarinnar til að skrá sínar hugleiðingar varðandi sjálfseflingu barnanna og barnanna sjálfra næsta vetur. Ferilmöppur verða teknar í gagnið og munu hópstjórar halda utan um skráningu barna í sínum hópi. Hugtakið 'læsi í víðum skilningi' í heimi menntavísindanna má finna í Aðalnámskrá

leikskóla Reykjavíkur og er mikilvægur þáttur starfinu, við köllum það hinsvegar umhverfislæsi. Við höfum hug á að bæta enn betur í þann þátt með vettvangsferðum okkar og leyfa börnunum að skrásetja ferðir sínar sjálf og þannig halda utan um vegferð sína og nám í leikskólanum.

Skrásetningin/myndirnar verða prentaðar og þær settar saman í hefti sem börnin hanna, hefta og bókbandslíma. Þannig tvínum við saman tækni nútíðar með myndavélum/spjaldtölvum og gamla tímans þar sem þau vinna sjálf í bókunum sínum og upplifa skynbragð á gamlar hefðir.

Hvað varðar val í lok dags eftir kaffitíma þá ætlum við að hafa þann brag á að starfsfólk setji upp áhugaverðar starfsstöðvar sem börnin geta gengið að sjálf án þess að setjast niður og velja myndrænt af spjöldum sem hefur gjarnan valdið ókyrrð og spenningi. Val skal vera val barnanna en ekki tæki skólans til að stýra börnunum á tiltekin svæði.

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Skráningar og Umhverfislæsi.	Að starfsfólk þjálfist í að vinna með uppeldislegar skráningar og Skipulagðar vettvangsferðir	Spjaldtölvur verði til staðar í öllum herbergjum. Vettvangsferðir setta inn í dagskipulagið.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir. Leikskólastjóri i Deildarstjóri og allir starfsmann	sept	júní	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Skráningar og fundir – samtal – rýnihópur um uppeldislegar skráningar.	Viðmið er gæðalýsin g og /eða mælikvarði i Að starfsfólk og börnin geti metið nám í gegnum leik – Að börnin verði læs á umhverfi sitt.



Innra mat - Miðhús - Aldur barna 2 til 4 ára

Haustið 2019 bauðst leikskólanum að taka þátt í þróunarverkefni í samstarfi við RannUng. Í framhaldi var sameiginleg ákvörðun tekin um að skoða sjálfsefningu barna.

Markmiðið var að styðja og styrkja börnin til sjálfsbjargar í daglegu starfi, að þau finni eigin getu og styrk út frá sínu sem leiðir til sjálfsefingar. Ávallt hefur verið unnið með að börnin finni eigin getu með hvatningu frá kennurum. Gott aðgengi verkefna er haft í fyrirrúmi í leikskólanum.

Með þátttöku í þróunarverkefninu var farið ýtarlega í þessa þætti. Markmið okkar í síðustu starfsáætlun var að endurmerkja og gera sem mest sýnilegt með myndrænum hætti.

Myndir af hverju barni ásamt upphafs staf í nafni þess sett á vegg þar sem þau sitja í söngstund.



Söngstundir á deildinni eru tvisvar á dag og þar fá börnin tækifæri til að standa fyrir framan hópinn og velja sín sönglög. Í byrjun haustsins voru eldri börnin tilbúnari að standa fyrir framan hópinn og tjá sig, en ekki leið á löngu þar til þau yngri vildu taka þátt. Stundum gátu þau það ekki, en stóðu fyrir framan hópinn sem er vel. Með því að leyfa börnunum að velja er ýtt undir lýðræði og fjölbreytt val. Kennarar halda utan um skráningu valsins á hverjum degi.

Í fataklefa fer fram mikill lærdómur sem tengist sjálfsefningu. Börnin eru hvött til að ganga frá skófatnaði í hillu og mörg geta nú klætt sig úr og í, sama á við fyrir og eftir hvíld.



Einnig má nefna að eldri börnin tóku þátt í að vera umsjónarmenn í kaffitíma. Þau aðstoðuðu eftir getu við að leggja á borð. Kennarar og annað starfsfólk eru meðvitaðir um hversu mikilvægt er fyrir barnið að finna sinn styrk.

Í Miðhúsi er alls konar styrkinga aðferðir notaðar. Helst ber að nefna hvatningu, hrós í orðum, andlitstjáningu og snertingu.

Það er mjög sýnilegur munur á getu barnanna nú, frá því við byrjuðum markvissa sjálfsefningu en við gerum okkur, samt sem áður grein fyrir því að börnin hafa þroskast á þessum tíma.

Kennarar og starfsfólk eru sammála um að nú heyrist sjaldnar „Ég get ekki“ sem hljómaði oftar áður.

Á haustfundi með foreldrum kynntum við verkefnið og hvöttum foreldra til að taka þátt í verkefninu heima. Einstaka foreldrar hafa talað um að heima fyrir heyrist oft! Ég get sjálf/sjálfur.

Kennarar deildarinnar höfðu hug á að leggja áherslu á að styrkja börnin til að tjá tilfinningar sínar í orðum og gjörðum. Þessi vinna var á áætlun frá febrúar 2020 en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu reyndist það erfitt. Sjáum við þarna tækifæri til umbóta á komandi hausti með því að útbúa myndræna skráningu þar sem börnin tjá sig eftir myndum um líðan sína í hópastarfi, vali eða stöðvavinnu.



Í gegnum skráningar má sjá aukna getu hjá hverju barni. Það eru margir sigrar stórir og smáir sem telja. Upplifun okkar kennara er að börnin eru öruggari nú að láta í ljós skoðanir sínar, einnig að standa fyrir framan hóp og tjá sig.

Deildarfundir voru nýttir í matið með umræðum og aðrar skráningar skoðaðar eins og t.d. valið, stöðvavinna, skráningar fyrir foreldraviðtöl og val í söngstund.

Hrósá má kennurum og starfsfólki fyrir að vera samstíga í verkefninu því við lærðum heilmikið um þrautseiglu barnanna. Við höfum að leiðarljósi að hvetja börnin til frumkvæðis. Ekki síður var ýtt undir visku barnanna að á skoðanir þeirra væri hlustað og farið eftir í daglegu starfi. Um leið styrkjast börnin í lýðræðislegri hugsun, að hvert barn skiptir máli og rödd þeirra heyrir.

Miðhús

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar með myndrænum hætti	Að allt starfsfólk þekki uppeldislega skráningu.	útbúa myndræna skráningu þar sem börnin tjá sig eftir myndum um líðan sína í hópastarfi, vali eða stöðvavinnu.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir – Leikskólastjóri – Deildarstjóri og allt starfsfólk	Sept	Júní	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Rýnihópur um uppeldislega skráningu – fundagerðir og samtöl	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Að börnin geti tjáð tilfinningar sínar í orðum og gjörðum.

Innra mat Tjörn – Aldur barna 4 til 6 ára.

Við opnuðum aftur eftir sumarfrí 12. ágúst 2019 og nær allt starfsfólk Tjarnar var mætt til starfa eftir sumarfrí. Viku síðar byrjuðu elstu börnin af Læk að koma yfir í aðlögun og voru tveir árgangar á deildinni síðastliðinn vetur. Eldri hópurinn var með „heimastofu“ í innra herbergi og yngri hópurinn í tveimur grúppum í fremri stofu. Innleiðing menntastefnu Reykjavíkurborgar með áherslu á sjálfsefningu hefur verið í brennidepli í allan vetur. Fundað hefur verið reglulega og skoðaðir gátlistar, aukin áhersla á uppeldislega skráningu, rýnt í dagskipulagið, og eigin viðhorf til barnsins sjálfs og

getu þess tekin til endurskoðunar. Markmið okkar er að gera barnið að virkum þátttakanda í daglegu lífi í skólanum, þátttakanda með rödd sem hlustað er á og getu/vilja til að hafa áhrif á hvernig dagurinn gengur fyrir sig. Ýmsar leiðir voru skoðaðar.



Sjálfsbjálpa og markviss endurgjöf var sett í umbótaráætlun í síðustu starfsáætlun. Í því ljósi voru matartímarnir settir í endurskoðun, markmiðið var að börnin verði meira sjálfbjarga og taka meira saman sjálf eftir sig. Við lögðum inn sjónrænt skipulag fyrir börnin sem sjá um að leggja á borð fyrir hádegismatinn. Samvera í matartíma miðaðist við að börnin hjálpist að og allt samtal fari ekki eingöngu í „gegn um“ kennarann. Umsjónarmenn sáu um samskipti við eldhúsið. Hirslur og geymslur voru merktar til að auðvelda börnunum frágang og að sækja sér sjálf. Öll þessi verkefni gengu mjög vel þar til Covid - 19 skall á, því miður urðum við að bakka tímabundið, vegna reglna frá Almannavörnum.

Við unnum markvisst að því að börnin væru með á nótunum með viðburði í skólanum, með því að gera þau að þátttakendum í undirbúningi. T.d. kom það frá börnunum að útbúa sjálf boðskort til ömmu og afa til að bjóða þeim í heimsókn og hvað með Hrekkjavökuna sem við höfum aldrei haldið upp á, hvað fannst börnunum um það, var spurt? Og úr varð að hrekkjavakan er komin inn í menningu leikskólans. Fleiri „ákvarðanir“ eru teknar í samráði við börnin. Elsti hópurinn sér um allan undirbúning fyrir öskudaginn, skreytir og býr til „köttinn“. Unnið var markvisst að því að hlusta á rödd barnsins, auka sveigjanleika í dagsskipulaginu þegar aðstæður kalla á það og ræða saman þegar eitthvað kemur upp á.

Samræða um samskipti. Með vangaveltum um bókmenntir, myndlist, náttúruna, sögur og ljóð styrkjum við börnin í að skoða eigin stöðu og stað í veröldinni sem heild og í einnig í litla samfélaginu okkar á Tjörn. Norræn goðafræði hefur verið mikið uppáhald hjá okkur og fengum við liðsstyrk, Vilhjálm sögumann, til að koma og segja sögur fyrir hádegisverð annan hvern þriðjudag í vetur. Gyðjur og hetjur Ásgarðs eru oft skemmtileg viðmið þegar vangaveltur um okkur manneskjurnar eru



á dagskrá. Jógaundur í hópastarfi með elsta hóp var einnig vettvangur þar sem samkennd og kærleikur var ræddur og ástundaður auk einbeitingar og líkamsvitundar. Námsfni frá Unicef um Barnasáttmálann, í tilefni af 30 ára afmæli sáttmálans, var einnig unnið með elsta hóp.



Að hausti í jógaundur var gerður sáttmáli meðal barnanna í elsta hópnum. Skrifaður upp og hafður sýnilegur í því rými þar sem við höfum jógaundur. Umræður um hvað það er sem við viljum ná fram í þessum tímum leiðir af sér „reglur/sáttmála“ þar sem börnin sjálf setja hvort öðru mörk. Það er auðvelt að vísa með jákvæðni til sáttmálans sem þau sjálf settu saman.

Myndlist hefur verið í hávegum höfð, sérstaklega í yngri árganginum. Áhuginn hefur verið meiri þar en í elsta hóp og hópstjórar virkilega verið að vinna góða vinnu. Vettvangsferðir voru farnar hvern miðvikudag sem ákveðnir starfsmenn báru ábyrgð á, auk skipulagðra ferða á söfn eða stofnanir í nærumhverfi.



Gefum 10 – verkefnið innleitt enn frekar eftir góða reynslu frá fyrri vetri.

Í umbóta áætlun fyrir árið var einnig markmið að innleiða dagsskipulag þar sem börnin mæta í skólann og hverfa síðan til þeirra hugarefna sem þeim hugnast vítt og breytt um húsið án nokkurra formlegheita með VAL eða þess háttar. Hlutverk okkar kennara var fyrst og fremst að sjá til þess að áhugaverður efniviður og leikefni væri til staðar og vera í verkefnunum með börnunum. Þessi hugmynd komst ekki beinlínis til framkvæmda þó svo að við höfum prófað daga þar sem flæði er um

húsið og kennarar sjá um „stöðvar“ sem barnið getur farið í eða bara leikið sér. Hins vegar svífur þessi hugmynd enn yfir vötnum enda mjög í anda Reggio sem við viljum gjarnan kenna okkur við.



Í umbótaáætlun fyrir árið 2020 – 2021 viljum við taka upp daga með flæði milli leiksvæða. Stefnum á annan hvern föstudagur á móti verkstæðisvinnu. Uppeldisleg skráning í gegn um myndrænar námssögur verður einnig leið til umbóta í viðleitni okkar til að bæta okkur í starfinu og vinna að sjálfsefningu í barnahópnum.

Tjörn

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldisleg skráning – með áherslu á myndrænar námssögur – Auka flæði.	Að allt starfsfólk þekki uppeldislega skráningu. Setja inn í dagskipulag flæði.	útbúa myndræna skráningu þar sem börnin tjá sig eftir myndum um líðan sína í hópastarfi, vali eða stöðvavinnu. Aðgengi að öllum efnivið alltaf til staðar og góður tími gefinn í frjálsan leik	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir – Leikskólastjóri – Deildarstjóri og allt starfsfólk	Sept	Júní	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Rýnihópur um uppeldislega skráningu – fundagerðir og samtöl	. Að börnin geti tjáð tilfinningar sínar í orðum og gjörðum. Að börnin gangi inn í leikstofuna og velji sér sjálf verkefni.



Innra mat Melhús – Aldur 4 til 6 ára.

Við settum okkur markið í síðustu starfsáætlun – Að styrkja sjálfsmynd hvers barns í öllu okkar starfi. Þó lögðum við sérstaka áherslu á að börnin myndu bjarga sér sjálf við matarborðið með því að setja sér reglur hvert og eitt og skammta sér sjálf matinn. Matartímarnir gengu mjög vel börnin voru orðin þjálfuð í að bjarga sér sjálf, þar til Covid -19 skall á, eins og gefur að skilja breyttust kringumstæður og við urðum að bakka með verkefnið. Við vildum skerpa á reglum í skólanum og höfðum börnin með okkur í að búa til nýjar reglur eins og t.d. þegar farið var í röð niður í Brunn (salurinn) í lesstund eða tónlistartíma. Við settum upp í sameiningum (börn og kennarar) nafnalista með nöfnum barnanna (sá sem er fyrstur í dag er síðastur á morgun). Þetta hefur gengið vel hjá börnunum og núna þarf aðeins að minna á hver er fyrstur í dag og þau raða sér upp í þá röð sem við á.



Börnin setja sér markmið.

Börnin settu sér markmið í byrjun vetrar eins og t.d. læra telja upp á tíu, og alls konar markmið voru sett fram. Börnin sýndu tölustöfum mikinn áhuga og fyrir vikið var mikið unnið með stærðfræði í

vetur. Börnin hafa æft sig í að hanna út frá sýnum áhuga sjálf verkefni í vali og stöðvavinnu. Við höfum leitast við að hlusta eftir þeirra áhuga. Markmiðið - Að börnin fái að hafa áhrif á skipulag leikskólastarfsins þegar kemur að vali – stöðvavinnu og o.s.frv.

Virk hlustun.

Við innleiddum verkefnið Gefðu 10 unnum það með öllum börnum. – Hvert og eitt barn fær tækifæri til að tjá sig við kennara/starfsmenn markvisst í minnst tíu mínútur á dag. Við notum líka virka hlustun í samverustund á börnin. Og spurðum spurninga, eins og t.d. „Hvað vilji þið gera“. Þetta hefur verið einstaklega skemmtilegt fyrir alla. Þau fá minnst 10 mínútur úr degi til þess að segja okkur frá öllu mögulegu. Þetta er gert til þess að allir fái jafn mikla athygli og allir fái að blómstra. Við höfum unnið mikið með framsögn – markmiðið er að styrkja börnin í því að koma fram fyrir hópinn og hefur það tekist mjög vel. Börnin syngja, segja brandara og aðrar skemmtilegar sögur. Bókahornið er mikið notað, það er notalegt með mörgum skemmtilegum bókum sem hægt er að rýna í, þar geta börnin valið bók til lesturs í lesstund. Við bjuggum til bókaorm með þeim bókum sem að búið er að lesa fyrir hópinn og hafa börnin tekið virkan þátt í því verkefni.



Skráning og mat með aðstoð myndmiðla (myndræn skráning).

Skráningin hefur aukist hjá okkur, við tökum fleiri myndir/myndbönd af leik barnanna, síðan er rætt við börnin og myndirnar skoðaðar, þau segja frá eins og t.d. hvað þeim fannst skemmtilegt við

viðkomandi verkefni eða í leiknum sem er síðan skráð og notað í mat á námi barnanna. Þegar farið hefur verið í vettvangsferðir á söfn eða annað eru teknar myndir af börnunum. Þau síðan teikna myndir eftir ferðina og kennari spyr t.d. hvað er á myndinni og skráir svar barnsins niður, síðan er það hengt uppá vegg svo allir geti þælt í verkefninu. (Vegna covid-19 gátu foreldrar því miður ekki skoðað í þetta skipti).

Ferilmappa var tekin í notkun – þar er safn verka barna og námsferlis. Ferilmappa þarf að geta sagt sögu barnsins hvað það getur og kann. Mappan er síðan send heim með barninu þegar það útskrifast úr skólanum.

Tækifæri til umbóta er að gera skráningarnar enn markvissari með uppeldislegar skráningar að leiðarljósi. Halda áfram að vinna að því að allir verði sjálfbjarga við matarborðið.

Melhús

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Skráningar með myndrænum hætti. Matartímar	Að allt starfsfólk þekki uppeldislega skráningu Halda áfram að hvetja börnin til þess að bjarga sér sjálf	útbúa myndræna skráningu þar sem börnin tjá sig eftir myndum um líðan sína í hópastarfi, vali eða stöðvavinnu. Kringumstæður séu þannig að börnin geti bjargað sér við matarborðið	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir – Leikskólastjóri – Deildarstjóri og allt starfsfólk	Sept	Júní	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Rýnihópur um uppeldislega skráningu – fundagerðir og samtöl	. Að börnin geti tjáð tilfinningar sínar í orðum og gjörðum. Allt starfsfólk og börn fá tækifæri til að meta nám í gegnum leik.
							Að börnin geti bjargað sér sjálf við matarborðið.



1. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Fræðslan fór að mestu fram í gegnum Háskóla Íslands Menntavísindasvið, þar sem RannUng var með fræðslu og vinnufund fyrir þá skóla sem taka þátt í fyrrnefndu þróunar verkefni. Við fengum nokkra fyrirlestra og fundi með tengilið/kennara úr Háskóla Íslands. sem voru fullir af fróðleik með aðaláherslu á uppeldislega skráningu. Fyrirhuguð ferð til Brighton var frestað. Leikskólastjóri fór með hóp skólastjórna til Toronto í Kanada. Tilgangur ferðarinnar var að kynna fjölmenningsstefnu skólafyrvalda í Toronto. Hópurinn fór á fyrirlestur um málörvun yngri barna. Deildarstjóri fór á námskeið í Barnasáttmálanum. Við höldum frábæran starfsdag þann 19. júní með upplýsingafundum, fyrirlestri og hópefli –

Á næsta skólaári verðum við með erindi á Menntakviku þar sem við kynnum þróunarverkefnið okkar ásamt RannUng. Við stefnum á námsferð til Brighton vorið 2021. Skyndihjálparnámskeið verður haldið haustið 2020 – Sameiginlegur starfsdagur allra skóla verður haldið í maí 2021. Fleiri deildarstjórar munu fara á Námskeið í Barnasáttmálanum. Fyrirlestur á vegum Skóla og frístundasviðs með innleiðingu menntastefnunnar að leiðarljósi. RannUng þ.e. kennarar í HÍ halda reglulega fundi og fyrirlestra í tengslum við þróunarverkefnið.

2. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Tengsl leikskóla og grunnskóla veturinn 2020-2021

Vesturbæjarskóli, Dvergasteinn, Tjörn.

Fyrsta heimsóknin verður **mánudaginn 5. október** – Þá tekur yfirmaður yngstu barna kennslu við börnunum og sýnir þeim skólann.



Febrúar – mars koma leikskólabörn og taka þátt í frímínútum og heimsækja bókasafn skólans.

Önnur heimsókn miðvikudaginn 5. febrúar kl.10:10 leikskólarnir mæta áður í frímínútum. Umsjónakennari mun taka á móti þeim úr frímínútum og vísa þeim upp á bókasafn. Síðan munu nokkrir nemendur í 6.bekk koma og hafa lestrastund með þeim. Þetta fyrirkomulag kom vel út sl. vetur.

Þriðja heimsókn er fimmtudaginn 5.mars - sama fyrirkomulag. .

Einnig var rætt um að nemendur í 1.bekk kæmu í heimsókn í leikskólanna. Gott væri ef kennarar hefðu samband við þann leikskóla sem á að heimsækja með smá fyrirvara. Það auðveldar leikskólakennurum að undirbúa komu hópsins í leikskólann.

Júní – er tekið á móti foreldrum/forráðamönnum og væntanlegum nemendum sem hefja nám í 1.bekk haustið 2020. Þessi heimsókn er með hefðbundnu sniði þar sem skólastjóri tekur á móti hópnum og leiðir foreldra um skólann meðan væntanlegir nemendur eiga stund með yngri barna kennurum skólans.

Verkefnin gætu verið að teikna mynd, skrifa nafnið sitt, leira bókstafi, raða tölustöfum o.g fl.

3. **Foreldrasamvinna** – Kosið var í stjórn foreldrafélagsins á árlegum haustfundi – Stjórnin hefur staðið að hefðbundnu þáttum í starfinu og sýnt mikinn hlýhug og stuðning á erfiðum tímum. Eins var kosið í Foreldraráð – Sem hefur sinnt sínum hefðbundnu verkefnum – Fundað var ca. tvisvar fyrir áramót – Eftir áramót var lítið fundað eins og gefur að skilja.

4. Skipulagsdagar og leikskóladagatal - Sjá sem fylgiskjal!

5. Fylgigögn

a. Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

_____ Hulda Ásgeirsdóttir _____	_____ 01.07. 2020 _____
Leikskólastjóri	Dagsetning







Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021 Tjörn

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





Mat á umbótaráætlun sérkennslu veturinn 2019 – 2020.

Veturinn fór vel af stað tveir kennarar undirrituð og Helga tóku rafrænt próf í HLJÓM 2. Svo ég er mjög sátt að nú voru öll 5 ára börnin tekin í HLJÓM 2 í báðum húsum. Þau börn sem eru af erlendu bergi brotin voru prófuð eftir áramót í HLJÓM 2. Nú er þetta komið til með að vera og verður alltaf gert á hverju hausti við byrjuðum í október og gekk það ágætlega í báðum húsum. Ég setti útkomuna upp í línurit þannig að vel væri hægt að sjá úrvinnsluna hjá hverju barni fyrir sig. Þar sást líka hverjir færu aftur eftir áramót. Þetta línurit sendi ég svo á deildarstjóra eldri deildanna. Þetta finnst mér gott að gera þannig að allir séu meðvitaðir um hvaða þætti þarf sérstaklega að vinna með hjá þeim börnum sem koma ekki nógu vel út. Ég hafði svo samband við þá foreldra þar sem að börnin komu ekki nógu vel út úr HLJÓM 2 og fór yfir með þeim hvaða þætti væri hægt að vinna með heima þannig að allir væru að vinna að því sama.

Öl börnin sem fóru aftur í HLJÓM 2 eftir áramót sýndu framfarir. En þetta gekk ekki átakalaust fyrir sig þar sem að það brast á með verkfalli í byrjun febrúar og síðan kom Covid 19 viku síðar. Þannig að sum börnin voru tekin óvenju seint í HLJÓM 2 vegna þessa.

Eins dattu teymisfundir út vegna Covid 19 og þar sem ég vinn einn dag í Tjarnarborg fór ég ekkert yfir á Tjarnarborg á Mánudögum eins og ég geri venjulega, þetta var mjög skrítið allt saman.

Vonandi er Lubbi finnur málbein kominn til að vera. Það fóru tveir starfsmenn úr Öldukoti á námskeið (Lubbi finnur málbein) sem hefur skilað sér í skilvirkari vinnu. Okkur finnst þetta virka mjög vel og sjáum mjög miklar framfarir og börnin fljót að taka inn öll hljóðin og lögin með þessu. Það eru sett ný hljóð á tveggja vikna fresti og sett fram á töfluna þannig að foreldrar geti fylgst með líka.



En þetta datt dálítið niður vegna Covid 19.

Viðvera í báðum húsum er komin til að vera og gengur eftir áætlun meira og minna en breyttist vegna Covid 19 eins og áður sagði. En við vorum í netsambandi og hringdum á milli eftir því sem þörf var á.

Hef verið að fara í gegnum aðgerðaráætlunina sem ég er búin að vera að laga aðeins til og er alltaf í endurvinnslu. Þarf að kynna hana betur fyrir starfsmannahópnum. Fæ líklega tækifæri til þess á næsta starfsdegi. Eins hef ég verið að laga til plagg sem heitir skólaskil þar sem koma fram styrkleikar/veikleikar barnsins og hvernig við höfum verið að vinna með börnin og hvað virkar vel og svo frv.

Starfsmannfundur var 19 júní og var ég með glærur og fór yfir með starfsmannahópnum hvað gerir sérkennslustjóri, hvert er hans hlutverk í stóra samhenginu ☺ Ræddi þar um skólaskil, tilvísanir og fór yfir hvaða gögn eru í boði og hvar þau eru að finna og svo frv.

Það gekk ljómandi vel og þar kom fram ábending hvort að sérkennslustjóri ætti tíma t.d. einu sinni í mánuði með deildarstjórum, þar sem við gætum sest niður og farið saman yfir það sem er í gangi hverju sinni t.d. einstaka barn sem þarf að ræða og halda utan um þó að það sé ekki endilega teymisfundur heldur bara ég og deildarstjóri.

Það er vel í samræmi við það sem ég er búin að vera að reyna að koma á koppinn þannig að vonandi verður þetta fast næsta haust þar sem ég náði ekki að setjast niður með deildarstjórum og fara yfir barnahópin eins og ég hefði viljað en ætla að reyna að bæta úr því á næsta ári.

Náði að kynna mig fyrir foreldrum í báðum húsum, nefndi það að nú yrði tekið HLJÓM 2 á öllum elstu börnunum, sendi svo foreldrum bréf til upplýsingar um hvað HLJÓM 2 stæði fyrir og ef að einhver hefði eitthvað á móti því eða með spurningar endilega að senda mér póst um það.

Saknaði þess að geta ekki haldið inni málörvunarhópunum eins og í fyrra, það var bæði gaman og gott að geta haldið utan um þá hópa þó svo að ég hafi bara verið einu sinni í viku.

Samráðsfundir með þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðbæjar og Hlíða var í janúar að þessu sinni, það var ákveðið því að þá væri komin smá reynsla á hvernig barnahópurinn virkar.

Hulda Marinósdóttir.

Sérkennslustjóri.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð Tjarnar hefur fengið í hendur starfsskýrslu Tjarnar fyrir starfsárið 2020-21. Foreldraráð hefur yfirfarið skýrsluna og gerir ekki athugasemdir við efni hennar. Í skýrslunni er farið yfir verkefni liðins árs og þau verkefni sem framundan eru og áherslur í starfseminni kynntar. Þrátt fyrir verkfall og veirufaraldur náði starfsfólk að halda góðum dampi í starfsemi skólans á liðnu ári og það sem af er þessum vetri. Ánægjulegt er að sjá að skólinn skorar mjög hátt í starfsmannakönnun sem Skóla- og frístundasvið lagði fyrir starfsmenn, fær einkunnina 4,6 í 4,8 í flest öllum matsliðum af 5 mögulegum, sem er framúrskarandi árangur! Ánægt starfsfólk leiðir af sér aukin gæði í skólastarfinu almennt. Í skýrslunni er fjallað um tækifæri til umbóta, þ.m.t. að fyrirhugað sé að virkja starfsfólk deildarinnar til að skrá hugleiðingar sínar varðandi sjálfseflingu barnanna og hugleiðingar barnanna sjálfra. Í þessu skyni verði ferilmöppur teknar í gagnið og hópstjórar haldi utan um skráningu barna í sínum hópi. Foreldraráð fagnar þessum áformum en telur mikilvægt að verkefnið fái góða kynningu í hópi foreldra.

Starfsskýrsla Tjarnar ber þess merki að þar fer fram metnaðarfullt starf þar sem áhersla er lögð á að efla þroska og sjálfstæði barnanna og ber að hrósa því. Foreldraráð væntir þess að samstarf ráðsins og skólastjórnenda verði áfram farsælt og gott þar sem gagnsæi, samráð og góð upplýsingagjöf verði höfð í fyrirrúmi.

Kristján Geir Pétursson

Sigrún Birgisdóttir

Sigursteinn Jóhannes Gunnarsson

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Leikskólinn Tjörn**
Tjarnarborg / Öldukot

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 L		1 Þ		1 F		1 S		1 Þ	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 M		1 M		1 F	Þriðjudagur	1 L	Verkalýðsdagurinn	1 Þ	Flakkaraferðir hefjast - elstu börnin	1 F	Sumarferð
2 S		2 M		2 F	Stöðvavinna (menntakvika ?)	2 M		2 M		2 L		2 Þ		2 Þ		2 F	Þriðjudagurinn	2 S		2 M		2 F	
3 M	Frídagur verslunarmanna	3 F		3 L		3 Þ		3 F	Jólaskreytingakvöld foreldra	3 S		3 M		3 M		3 L		3 M		3 F	Sumarferð	3 L	
4 Þ		4 F	Starfsdagur	4 S		4 M		4 F	Morgunk. Tjarnarb Jólaföndur Ölduk	4 M	Starfsdagur	4 F		4 F	Foreldrakaffi	4 S	Páskadagur	4 Þ		4 F		4 S	
5 M		5 L		5 M	Starfsdagur	5 F	Foreldrakaffi	5 L		5 Þ		5 F	Dagur stærðfræðinnar Stöðvavinna	5 F	Stöðvavinna	5 M	Annar í páskum	5 M		5 L		5 M	??? sumarfrí ??? sem þó er enn óákv.
6 F		6 S		6 Þ	Foreldraf. - ? deild	6 F	Stöðvavinna	6 S		6 M	Þrettándinn	6 L	Dagur leikskólans	6 L		6 Þ		6 F		6 S	Sjómannadagurinn	6 Þ	
7 F		7 M		7 M	Foreldraf. - ? deild	7 L		7 M		7 F		7 S		7 S		7 M		7 F	Stöðvavinna	7 M		7 M	
8 L		8 Þ	Dagur læsis	8 F		8 S	Baráttudagur gegn einelti	8 Þ	Elstu börnin í Árbæjarsafn	8 F	Stöðvavinna	8 M		8 M		8 F		8 L		8 Þ		8 F	Sumarferð ??
9 S		9 M		9 F	Stöðvavinna	9 M		9 M		9 L		9 Þ		9 Þ		9 F	Stöðvavinna	9 S		9 M		9 F	
10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 M		10 L		10 M	Starfsdagur - sameiginl. öllum skólastigum Rvk.	10 F	Sumarferð	10 L	
11 Þ		11 F	Stöðvavinna	11 S		11 M		11 F	Stöðvavinna	11 M		11 F		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S	
12 M		12 L		12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F	Stöðvavinna	12 F	Stöðvavinna	12 M		12 M		12 L		12 M	??? sumarfrí ??? sem þó er enn óákv.
13 F		13 S		13 Þ	foreldraf. - ? deild	13 F	Stöðvavinna	13 S		13 M		13 L		13 L		13 Þ	Foreldrakaffi	13 F	Uppstigningardagur	13 S		13 Þ	
14 F		14 M		14 M	Foreldraf. - ? deild	14 L		14 M		14 F		14 S		14 S		14 M		14 F		14 M		14 M	
15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 Þ		15 F	Stöðvavinna	15 M	Bolludagur	15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F	
16 S		16 M	Dagur ísl. náttúru	16 F	Stöðvavinna	16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 L		16 Þ	Sprengidagur	16 Þ		16 F	Stöðvavinna	16 S		16 M		16 F	
17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F	Jólaball	17 S		17 M	Konudagur	17 M		17 L		17 M		17 F	Lýðveldisdagurinn	17 L	
18 Þ		18 F	Stöðvavinna	18 S		18 M		18 F		18 M		18 F		18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S	
19 M		19 L		19 M		19 F		19 L		19 M		19 F	Stöðvavinna	19 F	Stöðvavinna	19 M		19 M		19 L		19 M	
20 F		20 S		20 Þ		20 F	Dagur mannréttinda barna Stöðvavinna	20 S		20 M		20 L		20 L		20 Þ	Barnamenningarhátíð	20 F	Starfsdagur	20 S		20 Þ	
21 F		21 M		21 M		21 L		21 M		21 F		21 S	Konudagur	21 S		21 M	Barnamenningarhátíð	21 F	Starfsdagur	21 M		21 M	
22 L		22 Þ		22 F		22 S		22 Þ		22 F	Þorablót Ömmu og afakaffi	22 M		22 M		22 F	Sumardagurinn fyrsti	22 L		22 Þ		22 F	
23 S		23 M		23 F	Stöðvavinna	23 M		23 M	Þorláksmessa	23 L		23 Þ		23 Þ		23 F	Barnamenningarhátíð	23 S	Hvítasunnudagur	23 M		23 F	
24 M	Inntaka nýrra barna hefist (Setning grunnskóla)	24 F		24 L	Fyrsti vetrardagur	24 Þ		24 F	Aðfangadagur jóla	24 S		24 M		24 M		24 L		24 M	Annar í Hvítasunnu	24 F	Sumarferð	24 L	
25 Þ		25 F		25 S		25 M		25 F	Jóladagur	25 M		25 F	Foreldrakaffi	25 F		25 S		25 Þ		25 F	??? sumarhátíð foreldrafélagsins ????	25 S	
26 M		26 L	Evrópski tungumáladagur	26 M		26 F		26 L	Annar í jólum	26 Þ		26 F	Stöðvavinna	26 F	Stöðvavinna	26 M		26 M		26 L		26 M	
27 F		27 S		27 Þ		27 F	Stöðvavinna	27 S		27 M		27 L		27 L		27 Þ		27 F	Útskrift - Öldukot	27 S		27 Þ	
28 F		28 M		28 M		28 L		28 M		28 F		28 S		28 S	Pálmasunnudagur	28 M		28 F	Útskrift - Tjarnarborg	28 M		28 M	
29 L		29 Þ		29 F		29 S		29 Þ		29 F	Stöðvavinna			29 M		29 F		29 L		29 Þ		29 Þ	
30 S		30 M		30 F	Stöðvavinna	30 M		30 M		30 L				30 Þ		30 F	Stöðvavinna	30 S		30 M		30 M	
31 M				31 L				31 F	Gamlársdagur	31 S				31 M				31 M					